

Alþingi, Atvinnuveganefnd  
sent rafrænt; [nefundasvid@althingi.is](mailto:nefundasvid@althingi.is)

*Umsögn. frumvarp til laga um veiðigjald, 149. löggjafarþing, 144. mál*

3. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti tvær ályktanir er varða frumvarp til laga um veiðigjald, sem hér segir;

### **Ályktun; Veiðigjöld**

*Priðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 lýsir miklum áhyggjum af áhrifum veiðigjalda á litlar og meðalstórar útgerðir sem eiga nú margar í verulegum rekstrarerfiðleikum.*

*Á síðasta ári greiddu vestfirskar útgerðir yfir 900 m.kr. í veiðigjöld og þreföldust þau frá fyrra ári á sama tíma og afkoman dróst saman um 80%. Þetta hefur sérstaklega slæm áhrif á útgerðir sem eingöngu mega stunda krókaveiðar, en rekstrargrundvöllur þeirra er annar en þeirra útgerða sem stunda t.a.m. togveiðar. Það er óumdeilt að sjávarútvegur er burðarásinn í flestum samfélögum á Vestfjörðum. Áhrif stóraukinna veiðigjalda eru augljós og mun leiða til fækkunar starfa, minni veltu og samdráttar í atvinnulífinu á Vestfjörðum.*

*Fjórðungsþing Vestfjarða krefst þess að sjávarútvegsráðherra og stjórnvöld beiti sér fyrir því að veiðigjöld á litlar og meðalstórar útgerðir verði lækkuð og leiðrétti jafnframt rekstrargrundvöll útgerða í krókaafلامarki þannig að veiðigjöld endurspegli afkomu þeirra.*

Í greinargerð með ályktunni fylgdi sundurliðun á álaginu veiðigjalda á sveitarfélög á Vestfjörðum. Eins var lögð til grundvallar skýrsla Deolitte um áhrif veiðigjalda á sjávarútveg í Norðvesturkjördæmi og unnin var fyrir FV, SSNV og SSV, fylgja þessi skjöl hér í viðauka.

### **Ályktun; Réttlát skipting skatttekna og nýtt vinnulag í samskiptum fjárlaganefndar, ráðuneyta, landshlutasamtaka sveitarfélaga og sveitarfélaga.**

*3. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga krefst aukinnar sanngirni í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Bæta þarf hlutdeild sveitarfélaga í skattstofnum og koma af stað skynsamlegri umræðu um hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera af hagnýtingu auðlinda þar á meðal veiðigjöldum. Vinna þarf einnig að því að formgera samskipti ráðuneyta, Alþingis og sveitarfélaga við undirbúning og afgreiðslu ríkisfjármálaáætlun og fjárlög hvers árs.*

Ísafirði 21. október 2018

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Viðauki; Samantekt á rekstri sjávarútvegsfélaga á Norðvesturkjördæmi.

Vestfirðir – veiðigjöld (skipting veiðigjalds á sveitarfélög og þróun á milli ára)